

KJARVAL



- SJÁ OPNUNARTÍMA Á KJARVAL.IS -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Til leigu

kjallaraíbúð laus til leigu frá og með 1. okt. að Sigtúni 10 í Vík

Upplýsingar hjá Guðrúnu Ólafs.
sími: 898 - 0142



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar **fimmtudaginn 27. ágúst 2009 kl. 16:00** á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

Jóhanna Jóhannesdóttir á Brekkum I í Mýrdal varð níræð þann 14. ágúst sl. Jóhanna, eða Hanna eins og hún er oftast kölluð, var að heiman á afmælisdaginn en fjölskylda hennar fóru með hana í skemmtireisu. Hanna hefur unnið kvenfélaginu sínu af mikilli ósérhlífni og dugnaði. Kvenfélagskonur sýndu henni þakklæti sitt á dögnum, með heimsókn til hennar, gjöfum og söng. S

Til sölu

Andarungar til sölu.

Upplýsingar í síma 847-5235.



Kjarval Vík

Opnunartímar
Frá og með 31 ágúst

Mánudaga-Föstudaga 11-18
Laugardaga 11-13
Sunnudagar Lokað

34. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 26. ÁGÚST 2009



VÍK Í MÝRDAL SÍMI: 487-1223

Fyrir skólann:

Skólavörurnar eru komnar 10% - afsláttur

**Skólafatnaður sem til er 10% afsláttur
– Eigum von á nýjum vörum á næstu dögum**

Lodfóðruð stígvél 30% afsláttur



Klakkur, Smiðjuvegi 9

Sími: 487 1223

Nafnavísur:

Ari, Kári, Einar, Bjarni, Árni, Snjólfur,
Gissur, Össur, Grímur, Hrólfur,
Geir, Jón, Magnús, Steinn, Eyjólfur.

Óþekktur höfundur

Jóhann, Kristján, Jón, Gvendur,
Jósef, Franklín, Ásmundur,
Helga María, Málfríður,
Margrét Stjána, Sigríður.

Höfundur: Ásmundur Björnsson frá
Svarfhóli, síðar Kanada f.1871 - d.1909



Útímessá við Hólaskjól. Mynd: Bjarney Margrét Jónsdóttir

Útímessá var við Hólaskjól í Lambaskarðshólum sunnudaginn 16. ágúst sl. Séra Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli þjónaði fyrir altari og Gunnar Einar Steingrímsson djákni í Grafarvogskirkju prédikaði. Gunnar Einar fjallaði í prédikun sinni meðal annars um þjónustu djákna í söfnuðum Þjóðkirkjunnar. Messukaffið sem Bergdís Jóhannsdóttir og Sigurður O. Pétursson báru fram var sérstaklega ljúffengt. Þess var neitt inni í Hólaskjóli en á meðan rigndi eins og hellt væri úr fötu. Þrátt fyrir þungbúið veður þá mættu um 40 manns og fólk sá ekki eftir þeirri ferð.

Vísa:

Adam gamli og Eva bjuggu
austur í gömlu Paradís.
Af skilningstrénu tuggu tugðu
til þess að þau yrðu vís.

Höfundur: Guðmundur Guðmundsson bóksali -
d.1937

Speki vikunnar

*Vertu þakklátur fyrir það sem þú hefur,
en ekki óánægður með það sem þú hefur
ekki.*

Rolf Birger Hannén

Netverslunin - www.fallegfot.com

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi
um land allt.*

**NOKKUR DÆMI ÚR ISLENSKUM
AUGLÝSINGUM ÞAR SEM MENN HAFA
EKKI VANDAÐ SIG:**

Sérstakur hádegisverðarmatseðill:

Kjúklingur eða Buff kr: 600

Kalkúnn kr: 550

Börn kr: 300.

* Til sölu : Antik skrifborð, hentar vel
dömum með þykkar fætur og stórar skúffur.

* Nú hefur þú tækifæri til að gata á þér eyrun
og fá extra par með þér heim.

* Við eyðileggjum ekki fötin þín með óvönd-
uðum vélum, við gerum það varlega í hönd-
unum.

* Til sölu nokkrir gamlir kjólar af ömmu í
góðu ástandi.

* Þetta hótél býður uppá bowling sali, tenn-
isvelli, þægileg rúm og aðra íþróttaaðstöðu.

STÖRF Í BOÐI

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar.

Sameinaður leik-, grunn- og tónskóli Mýrdalshrepps:

- * Tvær stöður leikskólakennara/ leiðbeinanda.
- * Staða skólaliða

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún:

- * 70% staða við aðhlyningu.

Laun skv. kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarféлага.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst.

Nánari upplýsingar og móttaka umsókna:

Magnús Sæmundsson skólastjóri s: 487-1242 893-1965 skolastjori@vik.is

Guðlaug Guðmundsdóttir hjúkrunarforstjóri s: 487-1348 864-1348 hjallatun@vik.is

Mýrdalshreppur * Austurvegi 17 * 870 Vík * s: 4871210



Mýrdalshreppur



Grunnskóli Mýrdalshrepps



Sæður - ÚK



Hjallatún

FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 17. ágúst 2009. Þetta er 305. fundur sveitarstjórnar, 7. fundur ársins 2009. Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra. Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi og síðan er gengið til dagskrár.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Fjárhagsstaða Skaftárhrepps (sjö mánaða staða).

Samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti er fjárhagsstaða sveitarfélagsins í ásættanlegu samræmi við ársáætlun. Ljóst er þó að smám saman þrengir að og svigrúm til nýrra útgjalda er ekki fyrir hendi. Nauðsynlegt er að hækka gjaldskrár stofnana sveitarfélagsins til að mæta kostnaðarhækkunum. Forsendur gildandi áætlunar eru enn óvissar þar sem ekki hefur verið ákveðið endanlega um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Reiknað er með að upplýsingar um það liggi fyrir um næstu mánaðamót. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að gera, í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins, tillögur að endurskoðun fjárhagsáætlunar þegar ákvörðun Jöfnunarsjóðs liggur fyrir.

2. Ákvörðun daggjalda á afrétti

Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðiskostnaðar í júlí 2009. Samkvæmt því verða þau 10.808 kr.

3. Gjaldskrár leikskóla, mótuneytis grunnskóla og tónlistarskóla.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrárbreytingar: Mánaðargjald fyrir leikskólarými hækkar um 12,5% og verður 26.787 kr. (hálf gjald 13.394 kr.). Fæðisgjald í leikskólanum hækkar skv. neysluvísitölu og verður 5.124 kr. á mánuði. Fæðisgjald í grunnskólanum hækkar skv. neysluvísitölu og verður 5.561 kr. á mánuði. Tónlistarskólagjald hækkar um 12,5% og verður 23.045kr. á önn. (Setningu Tónlistarskólans verður frestað um

óákveðinn tíma vegna veikinda).

4. Íbúðarhúsnæði í eigu Skaftárhrepps – Húsaleigukjör.

Gjaldskrá húsaleigu verður næst endurskoðuð í janúar 2010. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að yfirfara gildandi húsaleigusamninga m.t.t. samræmingar á leigukjörum og afsláttarreglum.

5. Ferðamálafélag Skaftárhrepps/ Ferðamála-klasi: Ráðning verkefnisstjóra.

Lagt hefur verið til að framlög þátttakenda í ferðamála-klasa vegna ráðningar verkefnastjóra verði tvöfölduð m.v. það sem áður var ákveðið til að hægt verði að ráða í 75-100% starf í eitt ár. Reiknað framlag Skaftárhrepps var 800.000 kr. í formi skrifstofuáðstöðu og búnaðar. Tvöföldun þýðir 800.000 kr. fjárframlag. Sveitarstjórn telur að um mikilvægt verkefni sé að ræða og vill leggja því lið eftir föngum. Hins vegar er ekki svigrúm til að auka framlög sveitarfélagsins að svo stöddu en vilji er til að athuga möguleika á næsta ári með hliðsjón af viðbótarframlögum annarra þátttakenda í klasanum.

6. Endurnýjun á yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir áframhaldandi yfirdráttarheimild hjá Kaupþingi að upphæð 30 mkr. til næstu áramóta.

7. Bréf frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu 15. júlí 2009.

Í bréfinu eru sveitarstjórnir hvattar til að standa vörð um starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila fyrir börn og unglinga. Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins og þakkar þær upplýsingar og ábendingar sem fram koma.

8. Félagshjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.: Gjaldskrá heimaþjónustu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti gjaldskrár fyrir heimaþjónustu sbr. gögn og fundargerð Félagshjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 8. júní 2009.

9. Átaksverkefni Háskólafélags Suðurlands: Jarðfræðigarður (Geopark); Greinargerð og tillögur, júní 2009.

Sveitarstjórn telur þær hugmyndir sem fram koma í skýrslunni áhugaverðar og felur formanni skipulags- og byggingarnefndar og yfirmanni tæknisviðs að fylgjast með framgangi málsins.

10. Erindi frá Orkustofnun 30. júlí 2009: Beiðni um umsögn vegna umsóknar Landsvirkjunar og RARIK um rannsóknarleyfi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að Landsvirkjun og RARIK verði veitt rannsóknarleyfi á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu skv. umsókn þeirra til iðnaðar-ráðuneytisins dags. 17.11. 2008.

11. Erindi frá Alþingi 4. ágúst 2009: Óskað umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til umsagnar.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 35. fundur menningarmálanefndar 25. júní 2009. Fundargerð samþykkt.

2. Fundur atvinnuámalanefndar 26. júní 2009. Fundargerð samþykkt.

3. 63. fundur skipulags- og byggingarnefndar 29. júní 2009.

Fundargerðin var samþykkt af sveitarstjórn 2. júlí 2009. Þorsteinn M. Kristinsson tók ekki þátt í afgreiðslu. Staðfest.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 119. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 2. júní 2009

2. 35. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 3. júní 2009

3. 31. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 8. júní 2009

4. 424. fundur stjórnar SASS 12. júní 2009

5. 32. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 19. júní 2009

6. Aðalfundur Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 19. júní 2009 (ásamt ársreikningi 2008)

7. 765. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. júní 2009

8. 20. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 1. júlí 2009

IV. Annað kynningarefni.

1. Samantekt umræðna á málþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. maí 2009 um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

2. Samband íslenskra sveitarfélaga 17. júlí 2009: Málþing um lýðræðismál í sveitarfélögum 19. ágúst – Fundarboð

3. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu 7. ágúst 2009: Háa-Kotey til leigu

4. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu 7. ágúst 2009: Lága-Kotey til leigu

5. Fasteignaskrá Íslands 19. júní 2009: Upplýsingar um fasteignamat 2010

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.18:30.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson

Hugleiðingar - höfundur óþekktur

Við teljum okkur trú um að lífið verði betra eftir að við: göngum í hjónaband, eignumst barn og síðan þegar við eignumst annað barn. Síðan verðum við ómöguleg yfir því að börnin eru enn svo ung og teljum að við verðum miklu ánægðari er þau eldast. Þegar það gerist verðum við pirruð á því að þurfa að takast á við unglíngana okkar og teljum okkur verða ánægðari þegar þeir vaxa upp úr því aldursskeiði. Við teljum okkur trú um að við munum öðlast meiri lífsfyllingu loksins þegar: maki okkar tekur sig taki, þegar við fáum betri bíl, þegar við komumst í almennilegt frí eða þegar við setjumst í helgan stein. Sannleikurinn er sá að það er ekki til betri tími til að verða hamingjusamur heldur en einmitt núna!..... Því ef ekki núna..... hvenær þá? Lífið er alltaf fullt af vandamálum. Það er best að horfast í augu við það og ákveða að vera hamingusamur þrátt fyrir það. Alfred D. Souza sagði eitt sinn: "Lengi vel

fannst mér alltaf sem lífið væri rétt að byrja - þetta eina sanna líf. En það var alltaf eitthvað sem stóð í vegi fyrir því, eitthvað sem þurfti að yfirstíga fyrst, einhver óklárud mál, tími sem þurfti að eyða í eitthvað, ógreiddar skuldir. Síðan myndi lífið byrja. Dag einn rann það upp fyrir mér að allar þessar hindranir voru lífið sjálft." Þetta viðhorf hjálpar okkur að skilja að það er engin leið að hamingjunni. Hamingjan er leiðin. Njótum hverrar stundar sem við eigum. Njótum hennar enn frekar þegar okkur tekst að deila henni með öðrum sem er nógu sérstakur til að verja tíma okkar með ... og munum, að tíminn bíður ekki eftir neinum. Hættu að bíða þar til þú hefur lokið námi eða þar til þú hefur hafið nám, þar til þú hefur misst fimm kíló eða bætt á þig fimm kílóum, þar til þú hefur eignast börn eða þar til þau flytjast að heiman, þar til þú byrjar að vinna eða þar til þú sest í helgan stein, þar til þú giftist eða þar til þú skilur, þar til á föstudagskvöld, þar til á sunnudagsmorgun, þar til þú færð þér nýjan bíl eða hús, þar til þú hefur borgað upp bílinn eða húsið, þar til í vor, þar til í sumar, þar til í haust, þar til í vetur, þar til lagið þitt byrjar, þar til þú ert búin að fá þér í glas, þar til runnið er af þér, þar til þú deyrð, þar til þú fæðist á ný ... til þess eins að ákveða að það er enginn tími betri til að vera hamingjusamur en einmitt núna! Hamingjan er ferðalag ekki áfangastaður Til umhugsunar að lokum! "Sinntu starfi þínu eins og þú þarfnist ekki peninganna." "Elskaðu eins og þú hafir aldrei verið særð(ur)." "Dansaðu eins og enginn sjái til þín."

BAKKABRÆÐUR

Á bæ þeim sem á Bakka heitir í Svarfaðardal bjó bóndi einn fyrir löngu. Hann átti þrjá sonu: Gísla, Eirík og Helga; voru þeir orðlagðir fyrir heimsku og heimskupör þeirra mjög í frásögur færð þó fæst þeirra verði hér talin.

Þeir bræður bjuggu eftir föður sinn á Bakka og voru kenndir við bæinn og kallaðir ýmist Bakkabræður eða Bakkafló. Þeir erfðu Brúnku eftir karlinn og létu sér mjög annt um hana.

Einu sinni kom hvassviðri mikið og urðu þeir þá hræddir um að Brúnka mundi fjúka, báru því á hana og hlóðu upp með henni svo miklu grjóti sem á henni - tollði; eftir það f auk hún hvorki né stóð upp frammar.

Meðan þeir Bakkabræður áttu Brúnku sína voru þeir allir einu sinni á ferð í tunglsljósi um vetur á ísum og reið einn þeirra merinni, en hinir gengu með hesti hans. Þeir tóku eftir því að maður reið alltaf á hlið til við reiðmanninn, en það þótti þeim þó undarlegast að honum fór ekki orð frá munni nema þeim heyrðist hann segja við hvert fót mál sem merin tók: "Kári, Kári." Þetta þótti þeim því kynlegra sem þeir vissu að enginn þeirra hét því nafni. Hugsaði þá reiðmaðurinn með sér að ríða þenna pilt af sér.

En því harðara sem hann reið því tíðar heyrðist honum sagt: "Kári, Kári," og hinir bræðurnir sáu að fylgdarmaðurinn reið alltaf á hlið við bróður sinn, hvort hann fór hægt eða hart.

Loksins komust þeir heim og sáu að þegar sá þeirra fór af baki sem reið fór fylgdarmaður hans eins af baki og lét inn hestinn sinn um leið og þeir bræður, en hann hvarf þeim með öllu þegar þeir fóru inn úr tunglsljósinu.